Nr. 32.
24.
nóvbr.

Lög

um

gæzlu og viðhald á brúm yfir Ölfusá og Þjórsá.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landshöfðingi hefur umsjón með brúnni á Ölfusá hjá Selfossi og brúnni á Þjórsá hjá Þjótanda, þegar hún er komin á, kveður á um meðferð þeirra og gæzlu og leggur sektir allt að 100 kr. við brotum.

2. gr.

Kostnað við gæzlu brúnna skal greiða úr sýslusjóðum Árness- og Rangárvallasýslu, og skiptist hann á nefnd sýsluíjelög eptir hlutfallinu milli samanlagðrar tölu lausafjárhundraða og jarðarhundraða í þeim ár hvert.

3. gr.

Allan kostnað, sem viðhald brúnna útheimtir, skal greiða úr landssjóði.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 24. nóvember 1893.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

J. Nellemann.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

Nr. 32.
24de
Novbr.

om

Opsyn med og Vedligeholdelse af Broer over Ölfusaa og Thjorsaa.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Landshøvdingen har Tilsyn med Broen over Ölfusaa ved Selfoss og Broen over Thjorsaa ved Thjotandi, naar den er opført; han foreskriver Regler for Broernes Benyttelse og Tilsynet med dem og fastsætter Bøder indtil 100 Kr. for Overtrædelse deraf.

§ 2.

Omkostningerne ved Opsynet med Broerne udredes af Arnes og Rangarvalla Syslers Sysselkasser og fordeles paa de nævnte Sysselkommuner efter Forholdet mellem den sammenlagte Sum af deres Løsegodshundreder og Jordhundreder hvert Aar.

§ 3.

Alle de Omkostninger, som Broernes Vedligeholdelse udfordrer, afholdes af Landskassen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 24de November 1893.

Ministeriet for Island, den 24de November 1893.

J. Nellemann.

Ólafur Halldórsson.